



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588  
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður  
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi  
Erindi nr. P 140/182/  
komudagur 19.4.2012

Seyðisfirði 18. apríl 2012

Skrifstofa Alþingis nefndasvið  
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Umsögn bæjarráðs Seyðisfjarðar um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld (heildarlög). Þingmál nr. 657 og 658.

Vegna fram kominna frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld, þingmál nr. 657 og nr. 658 telur bæjarráð Seyðisfjarðar ófært annað en að Alþingi láti vinna vandaða úttekt af hlutlausum aðilum á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á stjórn fiskveiða og viðbótar skattlagningar útgerðarinnar og niðurstöðurnar kynntar opinberlega áður en lengra er haldið.

Bæjarráð leggur sérstaka áherslu á að áhrif af tilfærslum aflaheimilda, skattlagningar með veiðigjaldi, áhrif á tekjur sjómanna og annarra sem starfa við sjávarútveg og áhrif á atvinnulíf á Seyðisfirði og annarra sjávarbyggða verði skoðuð sérstaklega. Ekki síður verði áhrif á rekstur bæjarfélagsins og afleiðingar fyrir íbúa skoðuð ítarlega. Jafnframt verði kortlagðir fjármagnsflutningar sem ætla má að verði af lagasetningunni miðað við þrjú síðustu fiskveiðiár. Niðurstöður framangreindra athugana verði birtar og kynntar t.d. á íbúafundum og öðrum opinberum vettvangi.

Bæjarráð hvetur til þess að Alþingi vandi til verka við jafn stór og þýðingarmikil mál og hér um ræðir og að kannaðir verði allir þættir sem varða atvinnugreinina og áhrif á byggðir landsins. Greinargerðir sérfræðinga sem fylgja frumvörpunum gefa fullt tilefni til að alþingismönnum gefist tími til að skoða rækilega áhrif fyrirhugaðrar lagasetningar á atvinnuveginum og byggð í landinu.

Í greinargerðunum kemur fram að ekki séu líkur á að byggðaaðgerðir frumvarpsins nái þeim markmiðum sem að er stefnt, enda skorti langtímastöðugleika sem tryggir grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífsins. Þá gera sérfræðingarnir ráð fyrir því sem þeir kalla umhleyplingar á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum. Það mun verða sjávarbyggðum eins og Seyðisfirði ákaflega erfitt eins og staða og horfur eru hjá þeim í dag. Bæjarráð Seyðisfjarðarkaupstaðar telur að varnaðarorð sérfræðinganna í greinargerðunum sem fylgja frumvörpunum séu fyllilega næg ástæða til að áhrif frumvarpanna verði rannsökuð gaumgæfilega áður en lengra er haldið.

Á fundi sem framkvæmdastjóri Gullbergs ehf. átti með bæjarfulltrúum á Seyðisfirði 16. apríl s.l. kom m.a. fram að verði frumvörpin að lögum óbreytt muni það kippa fótunum undan grundvelli útgerðarinnar. Það mun hafa ófyrirsjáanlega afleiðingar fyrir atvinnulífið í

byggðarlaginu og framtíð þess. Bæjarráð vekur athygli á að á undanförunum 20 árum hafa aflaheimildir í þorskígildistönnum, skipa og báta sem skráð eru á Seyðisfirði dregist saman um 2/3 og því er sú óvissa sem nú er uppi og sú stöðnun sem henni mun fylgja afar erfið. Því ætlast bæjarráð Seyðisfjarðar til þess af þingmönnum að þeir viðhafi vönduð vinnubrögð við breytingar á fiskveiðilöggjöfnni þar sem metin verði áhrif á fyrirtækin sem eru undirstaða sjávarbyggðanna.

Að lokum telur bæjarráð nauðsynlegt að skoðað verði sérstaklega af óháðum aðilum: Hvort veiðileyfagjaldið sem sértækur skattur á atvinnugrein og á landsbyggðina gangi gegn jafnræðisreglu og mismuni þegnum landsins.

Hver áhrifin verði á endurnýjun og framþróun atvinnugreinarinnar og atvinnugreina sem þjónusta sjávarútveginn t.d. hvað varðar: hagkvæmni, tækni, markaðsmál o.s.frv.

Virðingarfyllt  
BÆJARRÁÐ  
Vilhjálmur Þorsteinsson  
Bæjarstjóri

